

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir stúdentagarðana í Reykjavík.

#### 1. gr.

Stúdentagarðarnir eru sjálfstæð stofnun, er hefur sérstakan fjárhag. Um stjórn hennar fer samkvæmt skipulagsskrá þessari.

#### 2. gr.

Hlutverk stúdentagarðanna er:

1. að veita stúdentum húsnæði;
2. að reka mötuneyti fyrir þá;
3. að vera, eftir því sem föng eru á, miðstöð félagslífs þeirra.

#### 3. gr.

Í stjórn garðanna eiga sæti fimm menn. Velur háskólaráð tvo þeirra, stúdentaráð tvo, og skal annar þeirra a. m. k. valinn úr hópi garðbúa, enn menntamálaráðuneytið tilnefnir fimmta manninn til þriggja ára í senn. Háskólaráð og stúdentaráð skulu í febrúarmánuði ár hvert kjósa einn fulltrúa hvort til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Fimm varamenn skulu valdir eftir sömu reglum og aðalmenn.

#### 4. gr.

Stjórnin hefur æðsta vald í málefnum stúdentagarðanna. Hún ræður, hverjir fái garðvist og með hverjum kjörum. Hún ræður starfsmenn garðanna og setur þeim erindisbréf. Hún sér um reikningshald garðanna.

#### 5. gr.

Reikningsár garðanna er almanaksárið. Stjórnin skal hafa gert reikninga um tekjur og gjöld og efnahag garðanna fyrir lok janúarmánaðar ár hvert. Skulu reikningarnir endurskoðaðir af tveim endurskoðendum. Velur háskólaráð annan þeirra, en stúdentaráð hinn.

#### 6. gr.

Nánari ákvæði um stúdentagarðana skulu sett með reglugerð, er stjórn garðanna semur og háskólaráð og stúdentaráð samþykkja.

#### 7. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, er háskólaráð og stúdentaráð hafa samþykkt og menntamálaráðherra staðfest hana. Sama máli gegnir um breytingar, sem kunna að verða gerðar á skipulagsskrá þessari.

Þetta er hér með birt þeim, sem hlut eiga að máli.

*Menntamálaráðuneytið, 20. febrúar 1948.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.